

Kirkjuþing 2020-2021.

5. mál - þskj. 5.

T I L L A G A

að starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

1. gr.

■ Kirkjuþing kýs kjaranefnd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Í starfsreglum þessum skal heiti nefndarinnar vera kjaranefnd kirkjunnar.

2. gr.

■ Hlutverk kjaranefndar kirkjunnar er:

1. Að gæta hagsmuna Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu gagnvart samtökum þeirra launþega sem ráðnir eru þar til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör.
2. Að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu gagnvart stéttarfélögum hlutaðeigandi starfsfólks eða öðrum þeim, sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar.
3. Að vinna að því að móta starfskjarastefnu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

3. gr.

■ Kjaranefndar kirkjunnar hefur ótakmarkað umboð til samningsgerðar við þá sem tilgreindir eru í 2. tölul. 2. gr. Samningar kjaranefndarinnar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings.

4. gr.

■ Kjaranefnd kirkjunnar er skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn. Skulu nefndarmenn vera skráðir í Þjóðkirkjuna og mega þeir ekki gegna launuðu starfi sem greitt er fyrir af hálfu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Enginn getur setið nema tvö kjörtímabil samfellt í nefndinni. Nefndin er kosin á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kirkjuþingskosningar. Kirkjuþing ákveður hver skuli vera formaður kjaranefndarinnar, auk þess sem kosinn skal varaformaður. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir til. Skal fyrsti varamaður gegna formennsku í kjaranefndinni hátti svo til að allir aðalmenn í kjaranefnd starfi ekki að tilteknum samningum.

□ Forfallist aðal- eða varamaður í kjaranefnd kirkjunnar varanlega, skal á næsta kirkjuþingi kjósa nýjan í hans stað er sitji út kjörtímabil nefndarinnar.

□ Skylt er nefndarmönnum að gæta þagmælsku um það sem fram kemur á fundum og leynt á að fara eftir ákvörðun fundar eða samkvæmt eðli máls.

5. gr.

■Formaður kjaranefndar kirkjunnar ákveður hvenær nefndin skuli koma saman og hvar fundir skulu haldnir. Skylt er þó að kalla nefndina saman ef meiri hluti nefndarmanna óskar þess.

□Fundir í kjaranefnd kirkjunnar eru lögmatir hafi þeir verið boðaðir með minnst eins sólarhrings fyrirvara með dagskrá.

6. gr.

■Í aðdraganda að gerð kjarasamninga skal kjaranefnd kirkjunnar hafa náð samráð við fjárhagsnefnd kirkjuþings og kirkjuráð. Kjaranefndin og kirkjuráð, ásamt fjárhagsnefnd kirkjuþings, hafa gagnkvæman rétt til að óska eftir samráðsfundi þeirra í millum, þegar þurfa þykir.

□Fundargerðir kjaranefndarinnar skulu, svo fljótt sem auðið er, vera aðgengilegar í gagnaherbergi kirkjuþings.

□Þjóðkirkjan-Biskupsstofa annast nauðsynlega þjónustu við kjaranefndina eins og nefndin kann að óska eftir.

□Þóknanefnd þjóðkirkjunnar ákvarðar þóknun til kjaranefndar kirkjunnar.

7. gr.

■Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Á 58. kirkjuþingi 2019, – aukakirkjuþingi – sem haldið var 28. ágúst og 4. september 2019, var samþykktur viðbótarsamningur um endurskoðun á samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjujarðasamkomulagið) og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembættu og prófata, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998. Fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar undirrituðu viðbótarsamninginn hinn 6. september 2019. Með viðbótarsamningnum féll síðarnefndi samningurinn frá 4. september 1998 úr gildi en samkomulagið frá 1997 verður áfram í gildi, sbr. þó þær breytingar sem felast í hinum nýja viðbótarsamningi.

Í samningnum felast nýjar viðmiðanir og breytt fyrirkomulag á ýmsum þeim atriðum sem fjallað er um í fyrri samningnum aðila. Markmið viðbótarsamningsins er að einfalda framkvæmd fjárhagslegs stuðnings ríkisins við þjóðkirkjuna á grundvelli framangreindra samninga. Með viðbótarsamningnum er einnig stefnt að auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar í fjármálum og starfsmannamálum. Til að ná þeim markmiðum sem viðbótarsamningurinn felur í sér undirrituðu sömu aðilar einnig viljayfirlýsingu þar sem stefnt var að ákveðnum

lagabreytingum í þeim tilgangi að einfalda frekar allt lagaumhverfi um fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju og á þeim greiðslum sem Þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði.

Í 7. gr. viðbótarsamningsins er tekið fram að dómsmálaráðherra skuli „... leggja fram frumvarp til laga á Alþingi, er felir í sér breytingu á V. kafla laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, á 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og á lögum nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, til samræmis við samning þennan, til að tryggja að efnisatriði hans öðlist lagagildi.“ Í samræmi við þetta lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp um ofangreint á 150. löggjafarþingi 2019–2020. Frumvarpið var samþykkt, með smávægilegum breytingum, sem lög frá Alþingi 17. desember 2019 og eftir staðfestingu forseta Íslands var það birt í Stjórnartíðindum sem lög nr. 153/2019. Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2020.

Meginverkefni næsta kirkjuþings er að setja starfsreglur í stað þeirra lagaákvæða sem brott falla samkvæmt lögunum. Felst það m.a. í því að setja starfsreglur um málsmeðferð við ákvörðun kjara þeirra, sem nú taka laun samkvæmt úrskurði kjararáðs, um aðlögun ýmissa starfsreglna að breytingunum, um málsmeðferð varðandi gerð árlegra fjárlaga kirkjuþings og jafnframt að setja gjaldskrá kirkjuþings vegna aukaverka presta. Gjaldskráin kemur í stað núverandi gjaldskrár um greiðslur fyrir aukaverk presta Þjóðkirkjunnar nr. 729/2014, með síðari breytingum, sem sett var með heimild í 3. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, með síðari breytingum og sem var birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Í samræmi við framangreindan viðbótarsamning og áður nefnd lög nr. 153/2019, féllu brott, hinn 1. janúar 2020, ákvæði laga um um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (hér eftir nefnd stml.) hvað varðar það starfsfólk Þjóðkirkjunnar sem tilgreint var í 1. mgr. 61. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og sem var í starfi 31. desember 2019. Um er að ræða starfsfólk biskupsstofu og þá presta Þjóðkirkjunnar sem voru skipaðir eða settir til starfa af biskupi Íslands (áður ráðherra). Framangreint starfsfólk telst frá gildistöku laganna ekki lengur til opinberra starfsmanna.

Til skýringar skal þess getið að með hliðsjón af breytingunum og til einföldunar fjárhagsmálefna kirkjunnar renna nú allar greiðslur ríkisins, samkvæmt framangreindum samningum, til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, kt. 460169-6909. Um er að ræða sömu stofnun og áður hét biskupsstofa og sömu kennitölu, en talið var rétt að breyta heiti stofunnar í það sem áður greinir, til að undirstrika nýja skipan mála.

Kirkjuþing fer nú með fjárstjórnarvald Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og setur stofunni árleg fjárlög í því sambandi. Mestur hluti endurgjalds ríkisins til kirkjunnar rennur til launakostnaðar vegna prestsþjónustu kirkjunnar. Enn fremur rennur hluti endurgjaldsins til greiðslu launakostnaðar annarra starfsmanna stofunnar. Með hliðsjón af því þykir rétt að kirkjuþing hlutist til um launamál þessara starfsmanna með beinum hætti og án þess að binda kirkjuna við úrskurð um laun vígðra þjóna eins og verið hefur. Með breytingunni sem varð á réttarstöðu starfsfólks Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu 1. janúar 2020, telst starfsfólkið nú vera á almennum vinnumarkaði og lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, með síðari breytingum, gilda því um starfsmennina og viðsemjanda þeirra. Laun alls starfsfólks Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu verða ákveðin með kjarasamningi milli þeirra eftirleidis en ekki

með úrskurði kjararáðs hvað varðar presta, eins og áður var. Lög um kjararáð nr. 130/2016 hafa verið felld brott með lögum um brottfall laga um kjararáð nr. 60/2018. Einnig skal vísað til laga nr. 79/2019 um breytingu á ýmsum lögum vegna brotfalls laga um kjararáð nr. 130/2016, með síðari breytingum. Gert er ráð fyrir því að Prestafélag Íslands annist um samningsgerð við Þjóðkirkjuna-Biskupsstofu, f.h. vígðra þjóna, en að stéttarfélag annars starfsfólks, sem allt er í BHM, annist áfram kjarasamningsgerð vegna félagsmanna sinna, a.m.k. að svo stöddu. Talið er rétt að kirkjuþing kjósi nefnd þriggja manna til að fara með samningsumboð við gerð kjarasamninga vegna Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Er það viðeigandi þar sem kirkjuþing ber ábyrgð á fjármálum Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og stýrir ráðstöfun þeirra fjármuna sem stofan hefur til ráðstöfunar. Kirkjuþing getur hvorki tekið kjarasamningsrétt af prestum né öðru starfsfólki hjá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu. Einnig væri ekki rétt að hafa annan hátt á hvað varðar ákvörðun um laun, t.d. með því að framselja svo mikið fjárstjórnarvald til annars aðila en kirkjuþings. Kjaranefndin á að hafa það hlutverk að gæta hagsmuna Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu gagnvart samtökum þeirra launþega sem ráðnir eru þar til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör, að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu gagnvart þeim aðilum sem stéttarfélag starfsfólks eða öðrum sem löglegt umboð hafa til kjarasamningsgerðar og að móta starfskjarastefnu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Áskilið er að kirkjuþing verði að samþykkja kjarasamninga. Er vandséð að hægt sé að hafa annan hátt á vegna þess fjárstjórnarvalds sem kirkjuþing hefur. Þá er lagt til að kjaranefndin hafi í störfum sínum náði samráð við fjárhagsnefnd kirkjuþings og kirkjuráð.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um stofnun þriggja manna kjaranefndar Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. sem fari, f.h. kirkjuþings, með umboð til gerðar kjarasamninga við stéttarfélag starfsfólks Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu eða aðra sem löglegt umboð hafa til slíkrar samningsgerðar.

Um 2. gr.

Ákvæðið skilgreinir hlutverk kjaranefndar Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu en nefndinni er ætlað að fara með almennt fyrirsvar vinnuveitandans Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu vegna launa- og starfskjara starfsfólks stofunnar.

Um 3. gr.

Lagt er til að nefndin hafi ótakmarkað umboð til samningsgerðar við stéttarfélag en að kirkjuþing verði þó að staðfesta og samþykkja kjarasamninga sem nefndin gerir.

Um 4. gr.

Lagt er til að nefndin verði skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, sem skráðir skulu í þjóðkirkjuna og mega þeir ekki gegna launuðu starfi sem greitt er fyrir af hálfu

Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Sett er hámark á þann tíma sem nefndarmenn mega vera í nefndinni en það eru tvö kjörtímabil, þ.e. átta ár. Kirkjuþing skiptir verkum með nefndarmönnum. Gengið er út frá því að nefndarmenn hafi þekkingu á starfsemi Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu sem og á þeim störfum sem þar eru.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um skyldu kjaranefndar kirkjunnar til náins samráðs við fjárhagsnefnd kirkjuþings og kirkjuráð. Er þá einkum litið til þess þegar fyrir liggur að ganga til kjarasamningaviðræðna við tiltekna starfsstétt og eins meðan á viðræðum stendur. Getur þá fjárhagsnefnd kirkjuþings og kirkjuráð óskað eftir fundi sé það talið nauðsynlegt. Þá er lagt til að fundargerðir kjaranefndarinnar séu aðgengilegar í gagnaherbergi kirkjuþings svo kirkjuþingfulltrúum gefist kostur á að fylgjast með störfum nefndarinnar. Þó er ekki gert ráð fyrir því að þær séu birtar strax að loknum fundum nefndarinnar enda geta verið í þeim upplýsingar um viðkvæm málefni sem ekki er hægt að birta fyrr en að lokinni samningsgerð. Lagt er til að nefndin geti notið þjónustu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, s.s. hvað varðar funda- og vinnuaðstöðu, prentun, ljósritun o.s.frv. og jafnframt að þóknanaefnd þjóðkirkjunnar ákvarði nefndinni þóknun.

Um 7. gr.

Lagt er til að tillögur þessar að starfsreglum öðlist gildi við birtingu.